



Velferðarvaktin
Grunnþjónustuhópur

Greinargerð um grunnþjónustu og aðferðir við hagræðingu í efnahagsþrengingum

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Desember 2009**

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Skilgreining á grunnþjónustu	5
2. Aðferðir við hagræðingu	5
3. Forgangsröðun þjónustu – þjónusta við viðkvæmustu hópana	6
4. Félagslegar afleiðingar kreppunnar á börn og fullorðna	7
Viðauki: Þróun velferðarþjónustu undanfarin misseri	8
Fylgiskjal I: Grunnþjónustuhópur velferðarvaktarinnar	13
Fylgiskjal II: Gestir á fundum grunnþjónustuhópsins	14
Fylgiskjal III: Börn atvinnulausra	15
Fylgiskjal IV: Samanburður á tekjum einstaklinga eftir fjölskyldugerð og tekjulind – nóvember 2009	16
Fylgiskjal V: Bréf til ráðherra	17
Fylgiskjal VI: Fjárhagsaðstoð 16 fjölmennustu sveitarfélaganna	18
Fylgiskjal VII: Húsaleigubætur janúar–september 2005–2009 í þúsundum króna	20
Fylgiskjal VIII: Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum haustið 2009	21
Fylgiskjal IX: Breyting frá fjárlögum 2009 til frumvarps 2010	23
Fylgiskjal X: Komugjald á heilsugæslu	24
Fylgiskjal XI: Greiðsluskipting sjúklinga og sjúkratrygginga	25

Inngangur

Velferðarvaktinni var falið í tengslum framfylgd stöðugleikasáttmálans frá 25. júní 2009 „að leita leiða í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins til að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga“. Var þessi ákvörðun tekin á fundi aðila 8. júlí 2009. Stýrihópur velferðarvaktarinnar myndaði sérstakan grunnþjónustuhóp til að taka að sér þetta verkefni og félags- og tryggingamálaráðherra studdi það sjónarmið stýrihópsins að grunnþjónustuhópurinn fjallaði einnig um grunnþjónustu ríkisins. Í hópnum sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins, hagsmunasamtaka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneyta (fylgiskjal I).

Grunnþjónustuhópurinn leggur áherslu á að stjórnvöld nýti tækifærið í ljósi efnahagsástandsins til að hagræða á sem flestum sviðum innan stjórnsýslunnar og samhliða verði vörður staðinn um velferðarkerfið. Velferðarvaktin hefur í öllu sínu starfi brýnt fyrir stjórnvöldum að þjónustu við börn og barnafjölskyldur verði hlíft við niðurskurði og minnir hópurinn á að glötuð tækifæri í æsku verða ekki bætt síðar á lífsleiðinni.

Í þessari greinargerð verður leitast við að skilgreina grunnþjónustu, fjallað verður um aðferðir við hagræðingu og forgangs röðun opinberrar þjónustu. Enn fremur verður fjallað um viðkvæma hópa notenda og félagslegar afleiðingar niðurskurðar. Í viðauka er fjallað um þróun velferðarþjónustunnar á tilteknum sviðum undanfarin misseri.

Með notendum er í þessu skjali átt við þá sem njóta fjölbreyttrar velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Hópurinn hefur aflað margra gagna og fengið fjölmarga aðila á sinn fund (fylgiskjal II).

1. Skilgreining á grunnþjónustu

Grunnþjónusta er nýtt hugtak í stjórnsýslunni sem mikið hefur verið vitnað til í umræðu um hagræðingu og niðurskurð á undanförunum misserum. Einhugur er um að leitast við að vernda grunnþjónustuna en flóknara er að komast að niðurstöðu um hvað felist í hugtakinu. Ekki verður hjá því komist að forgangsraða innan allrar stjórnsýslunnar, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, og því er nauðsynlegt að greina á milli grunnþjónustu og annarrar þjónustu.

Lögbundin þjónusta felur í sér rétt til tiltekinnar lágmarksþjónustu og verður hún ekki skert án lagabreytinga. Þessari þjónustu er því hlíft þrátt fyrir að veruleg þörf sé á að draga úr útgjöldum. Á hinn bóginn eru þjónustustig iðulega ekki tiltekin í lögum og því getur í raun komið til skerðingar á þjónustu án breytinga á lögum. Sem dæmi má nefna að í ljósi sjálfsforræðis síns hafa sveitarfélög svigrúm til að ákveða þjónustustigið á sviði félagslegrar þjónustu. Grunnþjónusta, eins og hópurinn hefur skilgreint hana, fellur öðrum þræði innan marka lögbundinnar þjónustu en hún getur einnig falist í þjónustu sem er ekki lögbundin heldur hefur skapast um hana hefð. Þegar tiltekin þjónusta er skilgreind sem grunnþjónusta felur það í sér að ríkari kröfur eru gerðar en ella til þess að ákvarðanir varðandi þjónustustig séu teknar á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og að jafnræðis, samræmis og meðalhófs sé gætt. Enn fremur verður að gæta þess þegar grunnþjónusta er skilgreind sem slík að einstaklingsmiðaðar grunnþarfir geta verið ólíkar milli einstaklinga sem að öðru leyti búa við sambærilegar aðstæður.

Líkja má þjónustukerfinu við uppbyggingu lauks: Í kjarnanum liggur lögbundin þjónusta við börn, fatlaða, langveika, fátæka eldri borgara og aðra viðkvæma hópa. Í innstu lögunum þétt við kjarnann liggja þjónustustigin sem hefð hefur skapast um. Í kjarnanum og innstu lögunum liggur því velferðarþjónustan sem ekki má skerða og fellur undir grunnþjónustu. Utar liggur valkvæð þjónusta sem má endurskoða þegar ákvörðun er tekin um ráðstöfun opinberra fjármuna. Aðgreining á valkvæðri þjónustu og grunnþjónustu skiptir máli við forgangsröðun opinberrar þjónustu.

Þannig er grunnþjónusta í fyrsta lagi lögbundin þjónusta, í öðru lagi tiltekið þjónustustig lögbundinnar þjónustu, sem hefð hefur skapast um að einstaklingum og fjölskyldum standi til boða þrátt fyrir að þjónustustigið sé ekki lögbundið, en telja verður nauðsynlega þjónustu, og í þriðja lagi ólögbundin þjónusta sem einstaklingar með sérþarfir vegna fötlunar eða heilsuþrestra þurfa á að halda við athafnir daglegs lífs og til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

2. Aðferðir við hagræðingu

Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um að draga úr tiltekinni þjónustu vegna efnahagsástandsins verður að gæta að eftirfarandi:

- Standa verður vörð um grunnþjónustuna og má ekki draga úr henni gagnvart viðkvæmustu hópunum.
- Fullnægjandi upplýsingar verða að vera fyrir hendi um áhrif og afleiðingar ákvörðunar á notendur. Í því felst að ákvörðunina er best að taka í anda opins lýðræðis í fullu samráði við þá sem hún snertir, þar með talda notendur og þeirra samtök ef við á og eftir atvikum aðstandendur og sérfræðinga á viðkomandi sviði. Enn fremur ber að leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins þegar ákvörðunin snertir þá.
- Flötum niðurskurði verður ekki beitt sem leggst af fullum þunga á notendur heldur er ákvörðun tekin um hagræðingu á afmörkuðu sviði og samhliða hugað að mótvægisáðgerðum sem mildar afleiðingar niðurskurðarins.

- Gæta verður jafnræðis, samræmis og meðalhófs í hvívetna og að tilteknir hópar notenda finni ekki meira en aðrir fyrir hagræðingaraðgerðum.
- Hagræðing og sparnaður á einum stað má ekki leiða til aukinna útgjalda og álags á öðrum sviðum hins opinbera. Sérstaklega þarf að gæta að því að útgjaldaliðir séu ekki færðir milli ríkis og sveitarfélaga án þess að gerðar séu um leið breytingar á tekjustofnum.
- Tekið skal fram þegar ákvörðun um hagræðingu er birt hvort um sé að ræða tímabundna ráðstöfun og þá til hve langs tíma eða varanlega ákvörðun. Allar neyðaraðgerðir sem gripið er til á erfiðum tímum þurfa að vera þess eðlis að unnt sé að leiðrétta þær aftur þegar betur árar, án þess að skaði hafi orðið af.
- Við hagræðingu í skólastarfi verði lögð áhersla á að fá nærsamfélagið til samstarfs, ekki síst foreldra og þriðja geirann.

Sé sparnaði beitt án þess að gripið sé til mótvægisáðgerða, með áherslu á að tryggja gæði þjónustunnar og jafnræði, er ekki um hagræðingu að ræða heldur niðurskurð. Sveitarfélög og stofnanir ríkisins eru hvött til að setja saman lista yfir þá þjónustu sem ekki má skerða og hafa framangreind atriði að leiðarljósi við hvert skref.

3. Forgangsröðun þjónustu – þjónusta við viðkvæmustu hópana

Velferðarvaktin hefur í öllu sínu starfi lagt ríka áherslu á að standa vörð um þjónustu við börn og barnafjölskyldur og að varast beri að draga úr þjónustu við aðra viðkvæma hópa, þar með taldir innflytjendur. Ein af grunnstoðum velferðarkerfisins er skólakerfið og ber að gæta sérstakrar varúðar við hagræðingaraðgerðir á því sviði.

Börn á heimilum þar sem einstætt foreldri eða báðir foreldrar hafa misst vinnu, eða eru af öðrum ástæðum utan vinnumarkaðar, svo sem vegna örorku eða heilsubrestra, eru í mikilli áhættu og verður að gæta þess að hvorki niðurskurður í bótakerfinu né hagræðingaraðgerðir í skólum bitni á börnum í þessum fjölskyldum. Frekar ætti að huga að aukinni aðstoð til þessara fjölskyldna og styrkja samstarf milli þjónustustofnana, svo sem félagsþjónustu, Vinnumálastofnunar og þriðja geirans. Á fylgiskjali III sést að rúmlega 10.000 börn í landinu eiga foreldri sem er án atvinnu og þar af eru á fjórða hundrað barna á heimilum þar sem báðir foreldrar eru án atvinnu.

Flest þeirra sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standa enn verr í dag. Meðal þeirra eru fatlaðir, langveikir, fátækt aldrað fólk, fólk án átvinnu og þeir sem hafa fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna til framfærslu. Ráðstöfunarfé þeirra sem hafa úr minnstu að spila eftir skatt liggur á bilinu 115–155.000 kr. á mánuði fyrir einstakling, en hækkar nokkuð ef viðkomandi fær húsaleigubætur (fylgiskjal IV). Forðast verður að leggja auknar fjárhagslegar byrðar á þessa hópa og ekki má skerða bætur þeirra. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga svo og meðlagsgreiðslur skuli haldast óbreyttar á árinu 2010. Lífeyrisþegar hafa orðið fyrir skerðingum á yfirstandandi ári og bætur hafa ekki hækkað eins mikið og lög gerðu ráð fyrir. Mikilvægt er að hafa í huga að einstaklingar, sem tilheyra þeim hópum sem standa höllum fæti, eiga margir börn, reka heimili og þurfa að standa í skilum með skuldbindingar sínar eins og aðrir þegnar samfélagsins.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna hefur aukist umtalsvert á fyrstu átta mánuðum ársins 2008 og ársins 2009 eða um 62%, en heimilum sem fá aðstoð hefur fjölgað um 36% sem bendir til þess að fleiri heimili í landinu búi við fátækt nú en fyrir ári. Rétt er að benda á að grunnfjárhæð til einstaklings hækkaði í janúar 2009 sem hefur áhrif á heildarfjárhæðina. Yfirlit yfir fjárhagsaðstoð 16 fjölmennustu sveitarfélaganna er að finna í fylgiskjali VI. Einhleypir karlar og einstæðar konur með börn eru fjölmennustu hóparnir sem hafa á undanförunum áratugum fengið greidda fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum.

Leita verður allra leiða til að tryggja ungu fólki í atvinnuleit vinnumarkaðúrræði við hæfi eða námstilboð og hefur velferðarvaktin sent frá sér ályktun um þetta efni (fylgiskjal V). Hagræðingaraðgerðir mega ekki bitna á þjónustu við þennan hóp.

Lögbundinni þjónustu við fatlaða ber að hlífa við niðurskurði og ekki má lækka þjónustustig sem hingað til hefur verið eining um að vinna eftir. Í fylgiskjali IX má sjá breytingar frá fjárlögum 2009 til frumvarps 2010 í málefnum fatlaðra.

4. Félagslegar afleiðingar kreppunnar á börn og fullorðna

Félagsleg áhrif kreppunnar koma einna skýrast í ljós í afleiðingum atvinnuleysis á einstaklinga og fjölskyldur. Atvinnuleysi getur leitt til félagslegrar einangrunar og fátæktar og skaðar sjálfstraustið. Ekki síst hér á landi þar sem hátt atvinnustig hefur verið einkenni þjóðarinnar á alþjóðlegum mælikvarða. Þátttaka í atvinnulífínu er aðgangskort að samfélaginu og sá sem ekki hefur vinnu, en er vinnufær og ekki í námi, er ekki „talinn maður með mönnum“ hér á landi. Ákveðinn hópur ungs atvinnulauss fólks sem missti vinnuna í finnsku kreppunni á fyrri hluta 10. áratugar síðustu aldar eða var að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði er enn í dag einangraður frá finnska vinnumarkaðnum.

Miklir fjárhagslegir erfiðleikar leiða einnig til fátæktar og einangrunar og sá sem ekki getur staðið í skilum gagnvart lánadrottnum missir fljótt fótanna á öðrum sviðum. Missir húsnæðis getur leitt til þess að fjölskyldur flosni upp og börn hrekist milli skóla. Börn frá heimilum sem búa við fátækt njóta ekki sömu tækifæra og börn frá efnaðri heimilum.

Í finnsku kreppunni sem hófst upp úr 1990 reyndist aðgengi að þjónustu batna en á sama tíma lækkaði þjónustustigið víða. Dregið var úr barnabótum og gæði þjónustunnar minnkuðu. Árið 1997 voru 14% finnskra barna í fjölskyldum þar sem annað eða báðir foreldrar voru án atvinnu. Barnafjölskyldur voru fjölmennasti hópurinn sem fékk félagsaðstoð og fósturráðstöfunum fjölgaði verulega. Dregið var úr grunnþjónustu á öllum sviðum til barna. Fátækt meðal barna óx úr 5% árið 1990 í 14% árið 2007.¹ Þetta ber að varast með öllum tiltækum ráðum.

Tengsl eru milli heilsufars og efnahags og getur fátækt leitt til varanlegs heilsubreysts og þunglyndis sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar bæði fyrir þann sem veikist, aðstandendur og samfélagið í heild. Í því samhengi er mikilvægt að vinna af krafti að eflingu félags- og efnahagslegra þátta sem hafa áhrif á heilsu barna og ungs fólks til að forðast ójöfnuð í heilsu. Á sömu forsendum er mikilvægt að huga áfram að markvissri heilsueflingu og forvarnaraðgerðum meðal barna og ungs fólks.

Varanlegar afleiðingar fátæktar eru því bæði skaðlegar börnum og fullorðnum og mikið í húfi að komið verði í veg fyrir að heimilin verði fátæktinni að bráð með framangreindum afleiðingum. Öflugt velferðarkerfi og hagræðingaraðgerðir sem taka sérstakt tillit til þeirra sem veikast standa með viðeigandi forgangsröðun er ein af forsendum þess að þjóðin komist heil út úr efnahagskreppunni.

¹ Katja Fossen: Erindi flutt 24. febrúar 2009 í Háskóla Íslands.

Viðauki: Þróun velferðarþjónustu undanfarin misseri

Grunnþjónustuhópurinn hefur einkum beint sjónum að fræðslu- og velferðarþjónustu sveitarfélaganna, þjónustu við fatlaða, heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna hefur hækkað umtalsvert milli árunna 2008 og 2009 eða um 65% á fyrstu átta mánuðum árunna hjá fjölmennustu sveitarfélögunum og notendum hefur fjölgað um 35% á sama tímabili hjá fjölmennustu sveitarfélögunum í landinu meðan íbúum hefur ekki fjölgað að neinu marki (fylgiskjal VI). Í þessu samhengi er rétt að benda á að grunnfjárhæðin sem miðað er við hækkaði 1. janúar 2009. Fjárhagsaðstoð er greidd einstaklingum sem ekki eiga bótarétt í öðrum kerfum eða bótaréttur nemur lægri fjárhæð en grunnfjárhæð til framfærslu. Nemur grunnfjárhæð til einstaklinga um 116.000 kr. á mánuði og 185.000 kr. til hjóna eða sambylifsólks sem er tekjulaust. Flest sveitarfélög hafa einnig í reglum sínum möguleika á að greiða sérstakar heimildargreiðslur. Grunnfjárhæðin mun hækka í 126.000 kr. fyrir einstakling og 201.000 kr. til hjóna eða sambylifsólks í janúar 2010, sbr. leiðbeiningar félags- og tryggingamálaráðuneytis.²

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað sérstaklega um grunnþjónustu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, meðal annars um rétt til félagslegrar grunnþjónustu og inntak þjónustunnar.³

Húsaleigubætur

Heildarfjárhæð almennra húsaleigubóta hefur haldist nokkuð stöðug árin 2005–2007, en milli árunna 2007 og 2008 hækkaði heildargreiðslan um 37% og aftur um 47% milli 2008 og 2009 sé mið tekið af fyrstu þremur ársfjórðungunum (fylgiskjal VII). Hér er um umtalsverðar fjárhæðir að ræða, en samtals nam heildarfjárhæð á fyrstu 9 mánuðunum 1.539.253 þúsund krónum árið 2009 og 2.262.817 þúsund krónum árið 2009.

Rétt er að benda á að notendum fjölgaði um 30% á fyrstu þremur ársfjórðungum 2008 og 2009, en meðaltal þeirra var 6.490 árið 2008 en þeir voru orðnir 8.445 árið 2009. Grunnfjárhæð húsaleigubóta hækkaði 1. apríl 2008 en hvort tveggja hefur áhrif á hækkun heildarfjárhæðarinnar.

Barnavernd

Velferðarvaktin fól Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd að gera könnun á tilkynningum til barnaverndarnefnda á árunum 2005–2009 hjá þremur sveitarfélögum, þ.e. Reykjavíkurborg, Sveitarfélaginu Árborg og Reykjanesbæ. Var mið tekið af fyrstu sex mánuðum árunna. Enn fremur var tölulegra upplýsinga aflað um allar tilkynningar til barnaverndarnefnda úr sískráningarkerfi Barnaverndarstofu. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru:⁴

- Á landinu öllu hefur tilkynningum til barnaverndarefnda á árunum 2005–2009 fjölgað um 20–32% á fyrstu sex mánuðum hvers árs nema árið 2008 þegar þeim fækkaði.
- Sú fjölgun sem varð á tilkynningum til barnaverndarefnda fyrri hluta árs 2009 er því sambærileg við fjölgun á undanförunum árum að frátöldu árinu 2008.
- Ekkert í gögnum bendir til þess að fjölgun tilkynninga á fyrri hluta árs 2009 sé afleiðing efnahagsþrenginga eða aukins atvinnuleysis í kjölfar efnahagskreppunnar. Svo virðist sem ástæður hennar séu þær sömu og fyrir aukningu undanfarin ár.

² <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/reglur/>

³ <http://www.samband.is/files/271380581skilgreining%20C3%A1%20grunn%20C3%BEj%20C3%B3nustu.pdf>

⁴ <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferðarvaktin/skyrslur/>

- Samkvæmt sískráningu er ekki að sjá meginbreytingar milli ára á eðli þess vanda sem tilkynntur er eða hverjir það eru sem tilkynna til barnaverndar á fyrstu mánuðum áráanna 2005–2009.

Höfundur skýrslunnar bendir á að þar með sé tilgátunni um að afleiðingar efnahagsástandsins hafi eða muni hafa áhrif á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda ekki hafnað. Í því sambandi er vísað til reynslu Finna sem bendir til að áhrif efnahagsþrenginganna komi ekki fram fyrir er að fimm til sjö árum liðnum og birtist í fjölgun barna sem þurfa á aðstoð barnaverndar að halda.

Mikilvæg leið til að koma í veg fyrir að efnahagsástandið hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér gagnvart börnum er að gæta þess að niðurskurði verði hvorki beitt í almennri þjónustu við börn og barnafjölskyldur né í barnaverndarstarfi.

Það er umhugsunarefni hvað veldur því að tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgar jafnt og þétt ár hvert, en árið 1996 bárust barnaverndarnefndum landsins um 1.000 tilkynningar en þær voru rúmlega 8.000 árið 2008.

Skóla- og fræðslustarf

Einhugur ríkir um að leik-, grunn- og framhaldsskólar séu grunnþjónusta. Um þessi skólastig gildir ný löggjöf (2008) þar sem nemendum eru veitt margvísleg réttindi og markmið sett um flæði milli skólastiga. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga og fjárlög ríkisins snerta með beinum hætti réttindi nemenda. Hagræðing sem gripið er til vegna efnahagsástandsins hefur komið sérstaklega til skoðunar og hafa sjónir manna einkum beinst að aðgerðum sveitarfélaganna vegna skólaáranna 2010–2011 og 2011–2012 og áformum ríkisins um lækun fjárveitinga til framhaldsskóla frá og með fjárlögum ársins 2010.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur kynnt tillögur til menntamálaráðherra um að leitað verði eftir því að Alþingi heimili frávik frá ákvæðum grunnskólalaga fyrir framangreind tvö skólaár. Þessar hagræðingarheimildir verði veittar með skilyrðum, meðal annars þeim að gripið verði til mótvægisáðgerða. Einnig verði fylgst náið með því að hagræðing bitni ekki á gæðum í skólastarfi.⁵

Grunnþjónustuhópurinn leggur áherslu á að við hagræðingu í skólastarfi verði lögð áhersla á að fá nærsamfélagið til samstarfs, ekki síst foreldra og þriðja geirann. Hugmyndir sem ræddar hafa verið eru meðal annars að flytja listnám inn í skólana og tengja íþróttastarf við skóla, frístundaheimili og heilsdagsskóla.

Leik- og grunnskólar

Í ljósi efnahagsástandsins og fjárhagsáætlana sveitarfélaganna hefur Kennarasamband Íslands skorað á menntamálaráðherra að forgangsraða í þágu menntunar og standa vörð um lágmarksþjónustu sem börnum og unglíngum er tryggð með núverandi lögum. Kennarasambandið varar við hugmyndum Sambands íslenskra sveitarfélaga um niðurskurð í skólakerfinu sem muni bitna hart á þeim börnum og unglíngum sem sækja skóla í dag. Sambandið minnir á að glötuð tækifæri til menntunar í æsku verða ekki bætt upp síðar á lífsleiðinni og hver einstaklingur á sér aðeins eina æsku.⁶

Í niðurstöðum könnunar Sambands íslenskra sveitarfélaga haustið 2009 um hagræðingu í grunn- og leikskólum (fylgiskjal VIII) kemur fram að sveitarfélögin hafa gripið til fjölmargra aðgerða. Í *leikskólum* er víðast lögð áhersla á að draga úr búnaðar-, vöru- og þjónustukaupum, yfirvinnu, kostnaði við endur- og símenntun, hagræðingu í mótuneyti og dregið úr framkvæmdum, aksturskostnaði og afleysingum vegna veikinda og fjarveru starfsmanna. Enn fremur hefur daglegur opnunartími verið stytur hjá 30%

⁵ <http://www.samband.is/logfraedisvid/logfraedisvid/frettir/nr/1712/>

⁶ <http://ki.is/pages/22/NewsID/1884>

sveitarfélaga og 18% þeirra hafa slíkt til umræðu. Ekkert sveitarfélaga hefur ákveðið að leggja áherslu á aukið starf sjálfbóðaliða í leikskólum, en 18% hugleiða slíkt. Í *grunnskólum* hefur verið ákveðið að draga úr yfirvinnu og forfallakennslu hjá 79% sveitarfélaganna, hjá 60–70% þeirra úr kostnaði við prentun, búnaðar-, vöru- og þjónustukaupum, hjá 50–60% er dregið úr kostnaði vegna vettvangsferða, aksturs og framkvæmda og samkennsla aukin, hjá 47% er dregið úr kostnaði við endur- og símenntun og hjá 45% hefur hækkun á verði í skólamötuneytum verið ákveðin og 27% hafa slíkt til umræðu. Þá leggja 6% áherslu á aukið starf sjálfbóðaliða og önnur 20% hugleiða slíkt.

Sveitarfélögin hafa haft samráð um hagræðingaraðgerðir.⁷ Framundan er krafa um 10–15% niðurskurð hjá sveitarfélögunum á árinu 2010 og verður erfitt um vik að taka ákvörðun um hverju eigi ekki að hlífa. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa gefið út eftirfarandi yfirlýsingu: Að hækka ekki gjaldskrá, segja ekki upp fólki og skerða ekki þjónustu. Enn fremur sendu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér eftirfarandi yfirlýsingu 10. október 2008:

Tryggja verður að grunnþjónusta hins opinbera skerðist ekki, þrátt fyrir tekjusakdrátt og kostnaðarhækkanir. Sveitarfélög gegna afar mikilvægu hlutverki í velferðarþjónustunni á sviði fræðslu- og félagsþjónustu sem á tímum sem þessum er nauðsynlegt að njóti forgangs.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett fram skilgreiningu á grunnþjónustu í skjali sem er að finna á heimasíðu sambandsins.⁸ Þar einnig að finna leiðbeiningar til sveitarfélaga um forgangsroðun útgjalda á sviði fræðslumála.

Þá er rétt að benda á að í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2009 er birt mikið talnaefni um stöðu grunn- og leikskóla. Meðal þess sem þar kemur fram er að milli árána 2003 og 2008 hafi starfsfólki við kennslu og öðru starfsfólki fjölgað mun meir hlutfallslega en nemendum (uppsafnað hlutfall). „Í heildina eru stöðugildi starfsfólks í grunnskóla 7.332 talsins árið 2008 og hefur þeim fjölgað um 11% eða 718 stöðugildi frá árinu 2003. Á landsvísi er hlutfall kennara 68% af öllu starfsfólki árið 2008 og hefur hækkað um eitt hlutfallstig frá árinu 2003. Nemendum á hvert stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla fækkaði um 12% á tímabilinu 2003–2008. ... Á umræddu tímabili hefur nemendum fækkað en starfsfólki í heild hefur fjölgað.“ (Bl. 66.)⁹

Framhaldsskólar

Menntamálaráðuneytið gerði könnun meðal 30 skólastjórnenda í framhaldsskólum haustið 2009. Könnunin er eigindleg og voru skólastjórar beðnir um að hafa samráð við samstarfsfólk við svörum. Spurt var meðal annars hvort gjöld sem lögð hafa verið á nemendur umfram innritunargjöld hafi breyst milli ára. Var gjaldtaka óbreytt hjá 19 skólum, hafði lækkað í tveimur og hækkað í níu skólum. Það var mat skólastjórnenda að nemendur hefðu almennt átt í litlum erfiðleikum með að greiða kostnað vegna skólagöngunnar og skólasókn var óbreytt hjá flestum, hafði batnað í sex, en versnað í fjórum skólum. Námsaðstoð við nemendur hefur haldist óbreytt eða verið aukin í 26 skólum en verði dregin saman í fjórum. Eftirspurn nemenda eftir stoðþjónustu hefur aukist í 14 skólum og verið óbreytt í 16, en hvergi minnkað. Einkum er óskað eftir aðstoð náms- og starfsráðgjafa. Í öllum skólum hefur þátttaka nemenda í félagslífi skólans haldist óbreytt eða aukist. Í tveimur skólum var talið að vímuefnaneysla hefði aukist en í 26 er hún talin óbreytt eða hafi minnkað.

⁷ Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, á fundi með grunnþjónustuhópnum, 26. október 2009.

⁸ <http://www.samband.is/files/1695710104Grunn%20BEj%20B3nusta%20A1%20svi%20B0i%20fr%20C3%A6%20B0slum%20A11a.pdf>

⁹ http://www.samband.is/files/Sk%20B3lask%20BDrsla%202009%202_245519822.pdf

Alls voru 568 ungmenni 15–19 ára án atvinnu í nóvember 2009. Mikilvægt er að framhaldsskólar komi til móts við þau ungmenni sem geta hugsað sér að fara í nám. Í skýrslu vinnuhóps um ungt fólk án atvinnu, virkni þess og menntun er lagt til að „fyrst og fremst eigi að nýta þær námsleiðir og menntunarúrræði sem þegar eru í boði og efla þau sem hafa reynst vel. Þó verði hugað að auknu framboði starfsnáms og sérstökum virkniskapandi námskeiðum fyrir þá sem hafa lengi verið atvinnulausir.“¹⁰ Unnið er að því í félags- og tryggingamálaráðuneyti að fjölga fjölbreyttum tækifærum fyrir ungt fólk án atvinnu.¹¹

Þjónusta við fatlaða

Fatlaðir eiga rétt á lögbundinni þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Annars vegar eiga þeir rétt á allri almennri þjónustu og hins vegar eiga þeir rétt á aukinni þjónustu í samræmi við sérlæg, sérákvæði í almennum lögum og í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Mikilvægt er að hafa í huga að markmið þjónustu við fatlaða er einkum að styðja þá við athafnir daglegs lífs og efla tækifæri þeirra til náms, starfs og frístunda svo þeir standi jafnfætis öðrum. Lögbundin þjónusta við fatlaða er grunnþjónusta sem standa verður vörð um og halda til haga þeim þjónustustigum sem hefð hefur skapast um. Á sama tíma eru stjórnvöld hvött til að breyta áherslum sínum hvað varðar grunnþjónustu við fatlaða og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að einstaklingar sem þess óska geti notið notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Minnt er á ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem kveða á um rétt þeirra til þjónustu sem miðar að því að fólk geti lifað lífi sínu í samfélagi án aðgreiningar og njóti valkosta um þjónustu og búsetukosti.

Í tillögum til breytinga á fjárlögum 2009 til frumvarps 2010 kemur fram að gert sé ráð fyrir 3% lækkun (fylgiskjal IX). Stefnt er að því að þessi breyting leiði ekki til skertrar þjónustu heldur verði niðurskurðir náð með hagræðingu í vaktafyrirkomulagi og dregið úr yfirvinnu starfsmanna. Miðað er við óbreytt ástand og ekki er gert ráð fyrir fjölgun í hópi fatlaðra, þrátt fyrir að árleg nýliðun sé um það bil 40 einstaklingar og um 185 einstaklingar séu á biðlista eftir búsetuþjónustu og þjónustu í daglegu lífi. Sé ekki gert ráð fyrir eðlilegri nýliðun er í raun um niðurskurð að ræða. Óbreytt fjármagn fyrir grunnþjónustu þýðir í raun að fleiri notendur fá skerta þjónustu.

Einnig hefur komið fram á fundum grunnþjónustuhópsins að umönnunarbætur skerðist mun meir en önnur þjónusta eða um 25% í frumvarpi til fjárlaga 2010.

Heilsugæsla

Í greinargerð Landlæknis um eftirlit með heilbrigðisþjónustu má sjá áherslur embættisins vegna efnahagsþrenginga.¹² Landlæknir kom á fund grunnþjónustuhópsins 9. nóvember 2009 og greindi frá hagræðingaraðgerðum heilbrigðisstofnana. Helstu aðgerðirnar eru eftirfarandi:

Leitast hefur verið við að draga úr kostnaði vegna samninga við starfsfólk. Ýmsar fastar greiðslur er varða yfirvinnu, akstur og viðlíka samninga hafa verið lagðar af eða skertar. Vaktafyrirkomulag hefur verið endurskoðað. Einkum með því að skera niður vaktir sem talið er að bitni ekki á öryggi þjónustunnar. Einnig er verið að lengja vaktir sem krefjast færri starfsmanna eins og næturvaktir. Ekki er ráðið í afleysingar nema brýn nauðsyn krefji. Starfsfólki hefur verið sagt upp eða starfshlutfall minnkað. Dregið hefur verið úr kostnaði við tækjabúnað, lyf, hjúkrunarvörur og annan rekstrarkostnað. Lögð hafa verið drög að sameiningu stofnana eða deilda/sviða innan stofnana. Tilhögun þjónustu eins og sjúkraflutninga hefur verið breytt. Stofnanir hafa dregið úr stöð- og sérfræðiþjónustu. (Úr bréfi landlæknis til heilbrigðisráðherra, dags. 25. september 2009.)

¹⁰ <http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefing-efni/utgafa/nr/4587>

¹¹ <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4720>

¹² <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin/frettirVelferd/nr/4709>

Landlæknisembættið leggur áherslu á að gætt sé að öryggisviðmiðum varðandi umönnun. Einnig er áhersla lögð á að horfa á heilbrigðisþjónustuna heildrænt þegar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð þannig að aðgerðir einnar stofnunar leiði ekki til aukins álags á aðrar stofnanir eða þjónustu. Skipulega þarf að forgangsraða svo nauðsynleg þjónusta verði ekki skert með ófyrirséðum kostnaði þegar efnahagsástandið batnar.

Þá er mikilvægt að efla heilsugæslustöðvarnar og fjölga þar heimilislæknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum í framvarðasveit og draga með því úr ferðum til sérgræinalækna.

Komugjöld á heilsugæslustöðvar

Almennt komugjald á heilsugæslustöðvar hækkaði verulega milli áráanna 2007 og 2008 eða um 43% á dagvinnutíma úr 700 kr. í 1.000 kr. og um 26% utan dagvinnutíma úr 2.200 kr. í 2.600 kr. Gjald á dagvinnutíma hefur ekki hækkað á árinu 2009. Greiðslur ellilífeyrisþega á dagvinnutíma hækkuðu um 43% milli áráanna 2007 og 2008 en hækkuðu ekki á árinu 2009. Gjaldið utan dagvinnutíma hækkaði úr 800 kr. í 1.100 kr. milli áráanna 2007 og 2008 og síðan í 1.300 kr. árið 2009 eða um 18%. Gjald fyrir börn var fellt niður á árinu 2008 (fylgiskjal X).

Greiðsluskipting sjúklinga og sjúkratrygginga

Með reglugerð sem tók gildi 1. mars 2009 voru greiðslugólf og -þök (lágmark og hámark) sjúklinga vegna lyfja hækkuð um 10%. Greiðsluþökin höfðu þá ekki hækkað síðan 1. janúar 2001 en frá þeim tíma hefur vísitalan hækkað um 60%. Breytingin 1. mars 2009 þýddi að greiðslugólf almennra greiðenda hækkaði úr 1.700 kr. í 1.900 kr. og greiðsluþakið úr 4.950 kr. í 5.450 kr. Almennir greiðendur greiða eins og áður allan kostnað upp að gólfi og síðan 80% á milli gólfs og þaks en sjúkratryggingar greiða allan kostnað af verði lyfsins yfir þaki. Hjá lífeyrisþegum og börnum hækkaði gólfíð úr 600 kr. í 700 kr. og þakið úr 1.375 kr. í 1.500 kr. Lífeyrisþegar greiða eins og áður allan kostnað upp að gólfi og síðan 50% á milli gólfs og þaks en sjúkratryggingar greiða allan kostnað af verði lyfsins yfir þaki. Gert var ráð fyrir að þessi aðgerð lækkaði lyfjakostnað sjúkratrygginga um 400 milljónir kr. Í fylgiskjali XI er gerð grein fyrir aðgerðum stjórnvalda sem koma til einföldunar og þæginda fyrir sjúklinga og fleiri og milda áhrif hækkananna á greiðslur sjúklinga, einkum hjá börnum og atvinnulausum.

Gjaldtaka af sjúklingum hefur verið stórlega aukin eins og fram kemur í samantekt hagdeildar Alþýðusambands Íslands frá janúar 2009 og er að finna á heimasíðu sambandsins. Hlutdeild sjúkratryggðra í sjúkra-, iðju- og talþjálfun hefur enn fremur hækkað á árinu, en þessar hækkanir koma mjög illa við þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda til lengri tíma litið sökum fötlunar og sjúkdóms. Að auki hefur hlutdeild sjúkratryggðra í hjálpartækjum hækkað verulega sökum gengisbreytinga á árinu. Þjónustan og hjálpartækin eru forsenda þess að fólk geti verið virkt í daglegu lífi, vinnu og frístundum. Af þessu má einnig ráða að umframkostnaður vegna fötlunar er minna metinn er áður.

Önnur þjónusta

Í þessum viðauka hefur einungis verið fjallað um helstu þætti opinberrar þjónustu sem standa þarf vörð um á tímum efnahagsþrenginga. Margt annað í opinberri þjónustu skiptir máli sem snýr að velferð fólks og lífsgæðum. Öruggar almenningsamgöngur eru til dæmis forsenda þess að fólk geti stundað vinnu og nám og verður að tryggja að fólk geti komist leiðar sinnar með almenningsamgöngum.

Fylgiskjal I: Grunnþjónustuhópur velferðarvaktarinnar

Eftirtaldir fulltrúar í stýrihópi velferðarvaktarinnar sitja í hópnum:

- Lára Björnsdóttir formaður,
- Guðrún Björk Bjarnadóttir, Samtök atvinnulífsins,
- Garðar Hilmarsson, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja,
- Eiríkur Jónsson, Kennarasamband Íslands,
- Sigurrós Kristinsdóttir, Alþýðusamband Íslands,
- Anna Guðrún Björnsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga,
- Héðinn Unnsteinsson, heilbrigðisráðuneyti,
- Stella K. Víðisdóttir, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar,

Einnig sitja í hópnum:

- Sigríður Hanna Ingólfssdóttir, Öryrkjabandalag Íslands,
- Gerður A. Árnadóttir, Proskahjálp,
- Tryggvi Þórhallsson, Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneyti, starfar með hópnum.

Fylgiskjal II: Gestir á fundum grunnþjónustuhópsins

Eftirtaldir aðilar voru gestir á fundum grunnþjónustuhóps velferðarvaktarinnar:

- Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,
- Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkur,
- Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri á Leikskólasviði Reykjavíkur,
- Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri í Kópavogi,
- Matthías Halldórsson landlæknir,
- Salbjörg Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Landlæknisembættinu,
- Einar Njálsson, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneyti,
- Þór G. Þórarinnsson, skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Fylgiskjal III: Börn atvinnulausra

Samantekt um börn atvinnulausra		júní	júlí	ágú	sept	okt	nóv
Allir	Heildarfjöldi atvinnulausra	15.548	15.217	14.371	13.748	14.369	15.017
	Heimili þar sem báðar fyrirv. eru atvinnulausar	431	423	399	350	382	394
	Heimili þar sem einn er atvinnulaus	14.686	14.371	13.573	13.048	13.605	14.229
	Samtals heimili þar sem er atvinnuleysi	15.117	14.794	13.972	13.398	13.987	14.623
Barnlausir	Barnlaust fólk atvinnulaust	8.776	8.482	8.000	7.792	8.220	8.670
	Barnlaus heimili, báðar fyrirvinnur atv.lausar	119	109	116	103	116	112
	Barnlaus heimili þar sem einn er atv.laus	8.538	8.264	7.768	7.586	7.988	8.446
	Barnlaus heimili þar sem er atvinnuleysi	8.657	8.373	7.884	7.689	8.104	8.558
Barnafólk	Fjöldi atvinnulausra sem eiga börn	6.772	6.735	6.371	5.956	6.149	6.347
	Heimili með börn, báðar fyrirvinnur atv.lausar	312	314	283	247	266	282
	Heimili með börn þar sem einn er atv.laus	6.148	6.107	5.805	5.462	5.617	5.783
	Heimili með börn þar sem er atvinnuleysi	6.460	6.421	6.088	5.709	5.883	6.065
Börn	Heildarfj. barna sem eiga atvl. foreldra	10.923	10.875	10.290	9.681	9.978	10.309
	Börn með báða for. atvlausar	416	429	389	327	350	364
	Börn með annað for. atv.lausar	10.507	10.446	9.901	9.354	9.628	9.945
Meðalfjöldi barna á heimilum þar sem eru börn		1,69	1,69	1,69	1,70	1,70	1,70
<p><i>Ath. Þegar talað er um báða foreldra er miðað við fjölskyldunúmer, þ.e. einstaklingar sem búa saman og það eru börn á heimilinu. Ekki eru til upplýsingar um það hvort báðir foreldrar eru atvinnulausir ef þeir búa ekki sama, þ.e. ef þeir tengjast ekki með fjölskyldunúmeri</i></p>							

Um hjúskaparstöðu og börn:

Hjúskaparstaða skv. Hagstofuupplýsingum			
	okt.09	nóv.09	
Ógiftur og barnlaus	5.081	5.404	36% margir trúlega í sambúð, en óskráð hjá Hagstofu
Gift(ur)/sambúð, barnlaus	2.002	2.107	14% þar af ríflega 200 sem búa saman
Óviss hjúskaparstaða, barnlaus	1.137	1.159	8%
Einstæðir foreldrar	3.486	3.635	24% margir trúlega í sambúð, en óskráð hjá Hagstofu
Giftir/í sambúð með börn	2.577	2.627	17% þar af ríflega 500 sem búa saman
Óviss hjúskaparstaða, með börn	86	85	1%
Samtals	14.369	15.017	100%

Heimild: Vinnumálastofnun, desember 2009.

Fylgiskjal IV: Samanburður á tekjum einstaklinga eftir fjölskyldugerð og tekjulind – nóvember 2009

	Námslán *	Örorka ¹³	Atvinnuleysisbætur	Lágmarkslaun	Fjárhagsaðstoð
Barnlausir einstaklingar					
Tekjur fyrir skatt (grunnupphæð)	121.000	180.000	152.000	157.000	116.000
Tekjur eftir skatt	121.000	155.000	133.000	136.000	115.000
Einstæðir foreldrar með tvö börn á leikskólaaldri					
Tekjur eftir skatt	230.000	159.000	145.000	139.000	115.000
Tekjur eftir skatt að viðbættum greiðslum vegna barna **	326.000	297.000	240.000	235.000	211.000

Allar tölur eru í krónum og námundaðar að næsta heila þúsundið.

* Námslán eru ekki skattskyld. Ofan á grunnfjárhæð með hverju barni leggjast 45%. Reiknað er út frá óskertum námslánum, barnabætur eru því greiddar að fullu.

** Greiðslur vegna barna, þ.e. barnabætur, barnalífeyrir og meðlög eru ekki skattskyldar tekjur, en barnabætur eru tekjutengdar. Í þeim tekjuhópum sem um ræðir hér eru barnabætur rúmlega 50.000 kr. á mánuði með tveimur börnum. Meðlag/barnalífeyrir með einu barni er kr. 21.657 á mánuði.

Forsendur:

- Allar upplýsingar taka mið af stöðu í nóvember 2009.
- Skattstofn er grunnupphæð á mánuði, mæðra- og feðralaun og greiðslur vegna barna atvinnulausra, að frádregnum greiðslum í lífeyrissparnað og stéttarfélagsgjald. Allt er þetta eftir því sem við á í hverju tilviki.
- Upplýsingar um námslán eru fengnar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, um lágmarkslaun frá Eflingu, um örorku frá Tryggingastofnun ríkisins, um atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun og um fjárhagsaðstoð frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.
- Tekjuútreikningur fyrir atvinnuleysisbætur, lágmarkslaun og fjárhagsaðstoð er byggður á útreikningi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga.
- Námslán taka mið af námslánakerfinu eftir breytingar í september 2009. Lán námsmanns (einstaklings) fer að skerðast við 750.000 kr. tekjur. Fyrir þá sem koma úr fullri vinnu í sex mánuði eða lengur er frítekjumark 3.750.000 kr.
- Örorkubætur eru hér miðaðar við 75% örorku og engar tekjur af atvinnu, né greiðslur úr lífeyrissjóðum eða aðrar tekjur, svo sem fjármagnstekjur.
- Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar fyrstu þrjá mánuðina, eða 70% af meðaltali heildartekna sex mánuðina á undan, en þó aldrei hærri en 242.636 kr. Greiddir eru dagpeningar með hverju barni, 276 kr.

(Velferðarsvið félags- og tryggingamálaráðuneytis, nóvember 2009.)

¹³ Leiðrétting gerð 8. mars 2010. Tekjur einstæðs foreldris eftir skatt var í fyrri útgáfu 152.000 og tekjur einstæðs foreldris eftir skatt að viðbættum greiðslum vegna barna var 280.000.

Fylgiskjal V: Bréf til ráðherra



Velferðarvaktin

1. desember 2009

Til félags- og tryggingamálaráðherra.

Á fundi stýrihóps Velferðarvaktarinnar 24. nóvember sl. voru lagðar fram niðurstöður málstofu sem vaktin efndi til í Virkjun í Reykjanesbæ 12. nóvember og var samþykkt á fundinum að senda félags- og tryggingamálaráðherra ályktun um úrræði og aðgerðir fyrir ungt fólk í atvinnuleit.

Velferðarvaktin beinir þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að láta ekki ungt fólk í atvinnuleit afskiptalaust og komið verði í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum að það einangrist í aðgerðaleysi. Samfélaginu ber skylda til að tryggja þeim ungmennum sem eru í dag utan vinnumarkaðar og skóla tækifæri og aðhald til að þau megi öðlast þá færni sem nauðsynleg er til að vera virkur þátttakandi á vinnumarkaðnum.

Mörg ungmenni hafa ekki afmarkað áhugasvið, því verða úrræðin að vera fjölbreytt og skapa sem flestum áhugaverð tækifæri og mikilvægt er að nálgast þau út frá þeirra eigin forsendum. Jákvæð hvatning til virkni með fjölbreyttum tækifærum og sveigjanlegri nálgun gagnvart ungmennum er því mikilvæg.

Varast ber að fjalla um ungt fólk í atvinnuleit sem einn hóp. Það hefur ólíkan bakgrunn, þarfir og fjölbreytt áhugasvið. Ungt fólk á það sameiginlegt að hafa afar takmarkaða reynslu af vinnumarkaðnum. Þetta reynsluleysi greinir unga fólkið, meðal annars frá öðrum sem eru í atvinnuleit.

Það þarf að beita einstaklingsmiðaðri nálgun greina styrkleika þeirra, félagslega stöðu og menntun. Huga verður sérstaklega að þeim sem hafa einungis grunnskólapróf, sníða sérstök úrræði þeim til handa og fjölga verður menntunartækifærum, meðal annars í verklegu námi og listsköpun.

Öllum atvinnulausum ungmennum verður að standa til boða einstaklingsmiðuð ráðgjöf, í daglegu tali kallað „maður á mann“. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að samnýta alla krafta, þar með talda ráðgjafa Vinnumálastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaganna og þriðja geirans.

Fjölga verður ráðgjöfum Vinnumálastofnunar og styrkja þá í starfi. Enn fremur ætti foreldrum og fjölskyldum ungmenna sem eru í atvinnuleit að standa til boða sérstök fjölskylduráðgjöf, t.d. símaráðgjöf.

Virka verður unga fólkið sjálft á öllum stigum til samstarfs við að byggja upp og útfæra úrræðin í anda jafningjafræðslu og við að kynna þau, en öll úrræði og tækifæri sem standa ungmennum í atvinnuleit til boða verður að kynna rækilega með öllum tiltækum ráðum.

Greina verður þau úrræði sem hafa tekist vel, svo sem Fjölsmiðjuna og Nýttu kraftinn, og nota þau sem fyrirmyndir við útfærslu á tilboðum fyrir ungmenni í atvinnuleit og fjölga náms- og starfsþjálfunarsamningum Vinnumálastofnunar.

Efla þarf og styrkja samstarf ríkis, sveitarfélaga og þriðja geirans á þessum vettvangi.

Með góðri kveðju, fyrir hönd stýrihóps velferðarvaktarinnar,
Lára Björnsdóttir

Fylgiskjal VI: Fjárhagsaðstoð 16 fjölmennustu sveitarfélaganna

Fjárhagsaðstoð janúar–ágúst 2009–2009

Sveitarfélag	Ár	Íbúafjöldi*	Fjöldi notenda	Fjárhagsaðstoð
Reykjavíkurborg	2008	119.900	2.066	619.148
	2009	119.021	2.778	1.040.629
	Breyting	-0,7%	34,5%	68,1%
Kópavogsbær	2008	29.795	244	79.897
	2009	30.395	302	108.415
	Breyting	2,0%	23,8%	35,7%
Seltjarnarneskaupstaður	2008	4.445	26	5.177
	2009	4.393	39	8.014
	Breyting	-1,2%	50,0%	54,8%
Garðabær	2008	10.272	28	6.723
	2009	10.503	50	14.743
	Breyting	2,2%	78,6%	119,3%
Hafnarfjarðarkaupstaður	2008	25.434	205	58.231
	2009	26.109	334	121.734
	Breyting	2,7%	62,9%	109,1%
Mosfellsbær	2008	8.479	22	5.077
	2009	8.463	39	10.590
	Breyting	-0,2%	77,3%	108,6%
Reykjanesbær	2008	14.029	205	32.627
	2009	14.109	306	56.496
	Breyting	0,6%	49,3%	73,2%
Akraneskaupstaður	2008	6.549	74	18.256
	2009	6.586	106	27.974
	Breyting	0,6%	43,2%	53,2%
Borgarbyggð	2008	3.715	16	3.720
	2009	3.608	14	4.813
	Breyting	-2,9%	-12,5%	29,4%
Ísafjarðarbær	2008	3.941	40	3.364
	2009	3.965	40	5.298
	Breyting	0,6%	0,0%	57,5%
Sveitarfélagið Skagafjörður	2008	4.062	26	3.703
	2009	4.119	38	6.108
	Breyting	1,4%	46,2%	64,9%
Akureyrarkaupstaður	2008	17.390	265	45.547

	2009	17.527	280	47.553
	Breyting	0,8%	5,7%	4,4%
Fjarðabyggð	2008	5.033	15	3.098
	2009	4.652	21	6.130
	Breyting	-7,6%	40,0%	97,9%
Fljótshálsa	2008	4.040	20	3.598
	2009	3.612	16	2.592
	Breyting	-10,6%	-20,0%	-28,0%
Vestmannaeyjabær	2008	4.039	27	4.743
	2009	4.137	34	7.108
	Breyting	2,4%	25,9%	49,9%
Sveitarfélagið Árborg	2008	7.817	44	7.371
	2009	7.933	106	19.188
	Breyting	1,5%	140,9%	160,3%

	Íbúafjöldi*	Fjöldi notenda	Fjárhagsaðstoð
Samtals 2008	268.940	3.323	900.280
Samtals 2009	269.132	4.503	1.487.385
Mismunur	192	1.180	587.105
Hlutfallsleg breyt.	0,1%	35,5%	65,2%

Samtals íbúar í 16 sveitarfélögum	269.132
Íbúafjöldi í landinu árið 2009	319.355
Hlutfall íbúa í sveitarfélögum sem skila upplýsingum	84,3%


* Miðármannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum.

Unnið af Velferðarvaktinni, nóvember 2009.

Fylgiskjal VII: Húsaleigubætur janúar–september 2005–2009 í þúsundum króna

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, nóvember 2009.

Sveitarfélag	Janúar–september				
	2005	2006	2007	2008	2009
Reykjavíkurborg	573.329	557.954	536.917	748.523	1.054.469
Kópavogsbær	63.453	62.429	65.712	82.308	135.213
Seltjarnarneskaupstaður	6.242	6.443	7.183	9.494	14.097
Garðabær	11.634	11.705	10.564	14.925	25.809
Hafnarfjarðarkaupstaður	64.455	65.090	69.575	86.048	160.959
Mosfellsbær	13.075	13.282	13.138	18.858	32.641
Reykjanesbær	48.352	49.295	53.957	111.156	187.536
Akraneskaupstaður	16.963	16.355	16.713	24.338	42.701
Borgarbyggð	16.734	18.206	19.633	27.113	34.168
Ísafjarðarbær	20.102	19.430	19.595	27.085	30.280
Sveitarfélagið Skagafjörður	15.009	14.332	13.349	17.716	22.474
Akureyrarkaupstaður	76.311	78.276	79.790	106.994	143.945
Fjarðabyggð	11.059	12.353	10.008	10.771	23.766
Fljótsdalshérað	11.223	11.052	10.346	13.473	19.743
Vestmannaeyjabær	13.221	13.200	12.969	15.097	22.162
Sveitarfélagið Árborg	20.077	21.027	23.050	31.336	47.973
Samtals stærstu sveitarfélögin	981.239	970.429	962.500	1.345.235	1.997.935
Önnur sveitarfélög	152.440	147.360	148.384	194.018	264.882
Samtals öll sveitarfélög	1.133.679	1.117.789	1.110.884	1.539.253	2.262.817



Fylgiskjal VIII: Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum haustið 2009

Niðurstaða könnunar

Bættir	Staða				Samtals
	Ákveðið	Til umræðu	Ekki til umræðu	Á ekki við	
<i>Raðað eftir því sem búið er að ákveða</i>					
1.14 Dregið úr búnaðarkaupum	74,0%	16,0%	10,0%	0,0%	100,0%
1.05 Dregið úr yfirvinnu	69,8%	18,9%	7,5%	3,8%	100,0%
1.15 Dregið úr vöru- og þjónustukaupum	66,7%	19,6%	13,7%	0,0%	100,0%
1.10 Hagrætt í fyrirkomulagi starfsmannafunda	64,7%	19,6%	13,7%	2,0%	100,0%
1.07 Dregið úr kostnaði við endur- og símenntun	47,1%	23,5%	29,4%	0,0%	100,0%
1.13 Hagræðing í mótuneyti/fæðiskostnaður	44,2%	28,8%	25,0%	1,9%	100,0%
1.16 Dregið úr framkvæmdum	44,0%	20,0%	20,0%	16,0%	100,0%
1.17 Dregið úr aksturskostnaði	43,1%	17,6%	23,5%	15,7%	100,0%
1.08 Dregið úr afleysingu vegna veikinda/fjarveru starfsmanna	42,0%	22,0%	32,0%	4,0%	100,0%
1.01 Daglegur opnunartími stytur	30,0%	18,0%	50,0%	2,0%	100,0%
1.22 Dregið úr viðhaldi	29,2%	22,9%	41,7%	6,3%	100,0%
1.03 Leikskólagjöld hækkuð	28,6%	36,7%	30,6%	4,1%	100,0%
1.02 Sumarlokun lengd	26,0%	22,0%	48,0%	4,0%	100,0%
1.09 Undirbúningstími færður að lágmarki	24,0%	22,0%	32,0%	22,0%	100,0%
1.19 Starfsmönnum fækkað	24,0%	16,0%	52,0%	8,0%	100,0%
1.06 Stjórnunarhlutfall lækkað	18,9%	32,1%	49,1%	0,0%	100,0%
1.11 Hagrætt í skipulagi sérkennslu	16,3%	26,5%	49,0%	8,2%	100,0%
1.20 Börnum fjölgað á hvern starfsmann	12,2%	22,4%	55,1%	10,2%	100,0%
1.21 Leikskólarymum fækkað	6,1%	6,1%	77,6%	10,2%	100,0%
1.23 Launalausum frídögum fjölgað	6,1%	22,4%	61,2%	10,2%	100,0%
1.04 Aldursviðmið við inntöku hækkuð	0,0%	22,4%	69,4%	8,2%	100,0%
1.12 Dregið úr sérfræðiþjónustu	0,0%	20,0%	70,0%	10,0%	100,0%
1.18 Áhersla á aukid starf sjálfboðaliða	0,0%	18,0%	58,0%	24,0%	100,0%
	31,5%	21,5%	39,7%	7,4%	100,0%
2.03 Dregið úr yfirvinnu	79,6%	11,1%	7,4%	1,9%	100,0%
2.04 Dregið úr forfallakennslu	78,8%	11,5%	7,7%	1,9%	100,0%
2.22 Dregið úr kostnaði við prentun, ljósritun, pappír o.s.frv.	71,7%	13,2%	9,4%	5,7%	100,0%
2.19 Dregið úr búnaðarkaupum	69,2%	19,2%	9,6%	1,9%	100,0%
2.24 Dregið úr vöru-/þjónustukaupum	65,4%	21,2%	9,6%	3,8%	100,0%
2.11 Dregið úr kostnaði v/vettvangsferða	59,6%	21,2%	13,5%	5,8%	100,0%
2.08 Samkenntla aukin	54,7%	22,6%	20,8%	1,9%	100,0%
2.26 Dregið úr aksturskostnaði	54,7%	18,9%	17,0%	9,4%	100,0%
2.25 Dregið úr framkvæmdum	51,0%	21,6%	17,6%	9,8%	100,0%
2.06 Dregið úr kostnaði við endur- og símenntun	47,1%	25,5%	23,5%	3,9%	100,0%
2.13 Hækkun á verði skólamötuneyta	45,1%	27,5%	23,5%	3,9%	100,0%
2.02 Kennsluskylduhámark kennara fullnýtt	43,1%	15,7%	23,5%	17,6%	100,0%
2.28 Úthlutuðum kennslustundum fækkað	42,3%	15,4%	36,5%	5,8%	100,0%
2.38 Dregið úr viðhaldi	40,8%	20,4%	26,5%	12,2%	100,0%
2.20 Dregið úr kostnaði v/félagsstarfa nemenda	39,2%	15,7%	39,2%	5,9%	100,0%
2.09 Hagrætt í skipulagi sérkennslu	36,5%	30,8%	26,9%	5,8%	100,0%
2.12 Hagræðing í mótuneyti	29,4%	19,6%	31,4%	19,6%	100,0%
2.17 Skólaliðum fækkað	29,4%	15,7%	41,2%	13,7%	100,0%
2.30 Kennurum fækkað	27,5%	15,7%	49,0%	7,8%	100,0%
2.05 Stjórnunarkvóti lækkaður	26,9%	23,1%	40,4%	9,6%	100,0%
2.07 Fjölgun nemenda í bekkjum	25,5%	27,5%	33,3%	13,7%	100,0%
2.37 Fristund/skóladagviti. Hækkun á gjaldskrá	25,5%	17,6%	33,3%	23,5%	100,0%

2.18 Stuðningsfulltrúum fækkað	21,6%	21,6%	39,2%	17,6%	100,0%
2.14 Hagræðing í skólaakstri/fækkun ferða	20,8%	30,2%	24,5%	24,5%	100,0%
2.23 Dregið úr frímínútnagæslu	17,6%	15,7%	56,9%	9,8%	100,0%
2.34 Frístund/skólalagvist stytting daglegs opnunartíma	11,8%	11,8%	54,9%	21,6%	100,0%
2.15 Næðisstundum fækkað	9,8%	9,8%	31,4%	49,0%	100,0%
2.21 Hagrætt í foreldrasamstarfi	9,8%	17,6%	45,1%	27,5%	100,0%
2.35 Frístund/skólalagvist. Fjölgun barna á hvern starfsmann	9,6%	15,4%	48,1%	26,9%	100,0%
2.01 Vikulegur kennslutími nemenda skertur*	7,8%	13,7%	68,6%	9,8%	100,0%
2.31 Húsvörðum fækkað	6,0%	8,0%	66,0%	20,0%	100,0%
2.27 Áhersla á aukíð starf sjálfbóðaliða	5,9%	19,6%	43,1%	31,4%	100,0%
2.10 Dregið úr sérfræðiþjónustu	3,9%	23,5%	62,7%	9,8%	100,0%
2.16 Skólasafnakennurum fækkað	3,9%	9,8%	47,1%	39,2%	100,0%
2.29 Dregið úr námsráðgjöf	2,0%	19,6%	58,8%	19,6%	100,0%
2.33 Vetrarfrí lögð af	2,0%	3,9%	68,6%	25,5%	100,0%
2.36 Frístund/skólalagvist. Lækkun stjórnunarhlutfalls	2,0%	9,8%	52,9%	35,3%	100,0%
2.32 Skólalagvist fækkað*	0,0%	15,4%	69,2%	15,4%	100,0%
	31,2%	17,8%	36,1%	14,9%	100,0%
3.02 Dregið úr yfirvinnu	61,2%	20,4%	12,2%	6,1%	100,0%
3.22 Dregið úr ferðakostnaði starfsmanna	48,0%	32,0%	16,0%	4,0%	100,0%
3.04 Lækkun á fjárveitingum til tónlistarskóla	47,1%	27,5%	17,6%	7,8%	100,0%
3.08 Fundum fræðslunefndar fækkað	30,0%	18,0%	48,0%	4,0%	100,0%
3.01 Samrekstur skólastiga	29,4%	29,4%	29,4%	11,8%	100,0%
3.07 Nefndagreiðslur lækkaðar	28,6%	16,3%	51,0%	4,1%	100,0%
3.06 Starfsfólki fækkað	28,0%	20,0%	42,0%	10,0%	100,0%
3.05 Samnýting/færsla starfsfólks	24,5%	38,8%	26,5%	10,2%	100,0%
3.19 Kostnaður við tölvubúnað lækkaður	24,5%	32,7%	36,7%	6,1%	100,0%
3.12 Laun lækkuð hjá stjórnendum	22,4%	14,3%	57,1%	6,1%	100,0%
3.13 Laun lækkuð hjá starfsmönnum skóla/skólaskrifstofa	22,4%	12,2%	44,9%	20,4%	100,0%
3.03 Hagrætt í störfum skólaskrifstofa	18,8%	27,1%	18,8%	35,4%	100,0%
3.23 Greiðslu dagpeninga hætt	18,0%	26,0%	38,0%	18,0%	100,0%
3.10 Styrkir til fræðslumála lækkaðir	16,7%	25,0%	35,4%	22,9%	100,0%
3.20 Opinn/ókeypis hugbúnaður, hugbúnaðarsamningum sagt upp	12,2%	42,9%	30,6%	14,3%	100,0%
3.24 Samrekstur þjónustupátta, svo sem mótuneyta, frístundaheimila o.þ.h.	10,2%	30,6%	38,8%	20,4%	100,0%
3.17 Dregið úr þjónustu talmeinafræðinga	10,0%	12,0%	54,0%	24,0%	100,0%
3.21 Samningum um þjónustu sagt upp	6,1%	42,9%	40,8%	10,2%	100,0%
3.11 Leikskólum lokað	2,1%	4,3%	85,1%	8,5%	100,0%
3.18 Leikskólaráðgjöfum fækkað	2,1%	10,4%	47,9%	39,6%	100,0%
3.16 Kennsluráðgjöfum fækkað	2,0%	16,3%	42,9%	38,8%	100,0%
3.09 Nefndafulltrúum fækkað	0,0%	8,3%	81,3%	10,4%	100,0%
3.14 Skólaskrifstofur sameinaðar/lagðar af	0,0%	8,2%	57,1%	34,7%	100,0%
3.15 Sálfræðingum fækkað	0,0%	8,2%	53,1%	38,8%	100,0%
	19,5%	21,9%	41,7%	16,9%	100,0%
	28,1%	19,9%	38,6%	13,4%	100,0%

Fylgiskjal IX: Breyting frá fjárlögum 2009 til frumvarps 2010

Breyting frá fjárlögum 2009 til frumvarps 2010		Sundurliðun breytinga						Lækkun sem hlutfall af frumvarpi 2009		
		Fjárlög 2009	Hækkun vegna tryggingagjalds	Lækkun útgjalda	Hækkun v. launa og verðlags	Milli-færslur	Miður-feldar heimildir		Samningsbundin aukning	Frumvarp 2010
Málefni fatlaðra										
700	Málefni fatlaðra (samliður)	383,1	3,0	-45,1	7,5	-132,5		124,9	340,9	-11,77%
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	3.044,2	42,3	-80,0	113,6	55,7			3.175,8	-2,63%
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.936,0	28,0	-51,0	84,7	66,8			2.064,5	-2,63%
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	335,2	5,0	-9,0	9,7	0,0			340,9	-2,68%
704	Málefni fatlaðra, Vestfirðum	219,5	3,0	-4,0	7,4	0,0			225,9	-1,82%
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	388,2	5,7	-10,2	12,5				396,2	-2,63%
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1.078,0	15,6	-28,4	34,8	2,0			1.102,0	-2,63%
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	350,0	4,7	-9,2	9,3	8,0	-2,0		360,8	-2,63%
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	589,2	7,9	-15,3	17,1	0,0	-1,5		597,4	-2,60%
711	Styrtarfélag vangerfna	728,4	9,4	-19,3	18,5				737,0	-2,65%
720	Skálatúnsheimilið, Mostellsbæ	364,8	4,8	-9,7	12,5				372,4	-2,66%
722	Sólheimar í Grímsnesi	268,0	3,3	-7,1	9,4		-2,0		271,6	-2,65%
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	409,9	4,8	-45,0	3,0				372,7	-10,98%
755	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	314,0	2,3	-30,0	3,6				289,9	-9,55%
795	Frankveimdasjóður fatlaðra	679,1	0,1		0,3	0,0	-300,0		379,5	0,00%
Alls þús.kr.		11.087,6	139,9	-363,3	343,9	0,0	-305,5	124,9	11.027,5	-3,3%

Fylgiskjal X: Komugjald á heilsugæslu

Komugjald á heilsugæslu		2007 krónur	2008 krónur	Hækkun krónur	2009 krónur	Hækkun krónur
Almennt gjald	Á dagvinnutíma	700	1.000	42,9%	1.000	0,0%
	Útan dagvinnutíma	1.750	2.200	25,7%	2.600	18,2%
Ellilífeyrisþegar o.fl.*	Á dagvinnutíma	350	500	42,9%	500	0,0%
	Útan dagvinnutíma	800	1.100	37,5%	1.300	18,2%
Börn innan 18 ára**	Á dagvinnutíma	230	0	-100,0%	0	-
	Útan dagvinnutíma	500	0	-100,0%	0	-

* Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67–70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60–70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris.

** Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, nr. 504/1997, greiða ekkert gjald.

Heimild: Heilbrigðisráðuneyti, nóvember 2009.

Fylgiskjal XI: Greiðsluskipting sjúklinga og sjúkratrygginga

Með reglugerð sem tók gildi 1. mars 2009 voru greiðslugólf og -þök (lágmark og hámark) sjúklinga vegna lyfja hækkað um 10%. Greiðsluþökin höfðu þá ekki hækkað síðan 1. janúar 2001 en frá þeim tíma hefur vísitalan hækkað um 60%. Breytingin 1. mars 2009 þýddi að greiðslugólf almennra greiðanda hækkaði úr 1.700 kr. í 1.900 kr. og greiðsluþakið úr 4.950 kr. í 5.450 kr. Almennir greiðendur greiða eins og áður allan kostnað upp að gólfi og síðan 80% á milli gólfs og þaks en sjúkratryggingar greiða allan kostnað af verði lyfsins yfir þaki. Hjá lífeyrisþegum (og börnum undir 18 ára) hækkaði gólfíð úr 600 kr. í 700 kr. og þakið úr 1.375 kr. í 1.500 kr. Lífeyrisþegar greiða eins og áður allan kostnað upp að gólfi og síðan 50% á milli gólfs og þaks en sjúkratryggingar greiða allan kostnað af verði lyfsins yfir þaki. Gert var ráð fyrir að þessi aðgerð lækkaði lyfjakostnað sjúkratrygginga um 400 milljónir kr.

Eftirfarandi breytingar komu til mótvægis til einföldunar og þæginda fyrir sjúklinga, lækna, lyfjafræðinga í apótekum og starfsfólk Sjúkratrygginga Íslands og milda áhrif framangreindra hækkana á greiðslum sjúklinga einkum hjá börnum og atvinnulausum þar sem greiðslur vegna lyfja eru lækkaðar:

Þunglyndislyf (SSRI lyf). Greiðsla sjúkratrygginga fyrir hverja lyfjaáviðun miðast mest við 100 daga notkun í stað 30 daga áður. Þetta var gert meðal annars til samræmis við greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands vegna annarra og dýrari þunglyndislyfja sem miðast við 100 daga notkun. Breytingin var þannig gerð til að draga úr ósamræmi í greiðsluþátttöku þunglyndislyfja og koma í veg fyrir að notkun beindist að dýrari lyfjunum þar sem sjúklingar greiða hlutfallslega minna fyrir þau. Gert er ráð fyrir að lyfjaskírteinum vegna þunglyndislyfja muni fækka um 3.500 á ári vegna þessarar breytingar og að þessi aðgerð muni leiða til um 80 milljóna kr. hækkunar á kostnaði sjúkratrygginga.

Veirulyf og mígrenilyf. Greiðsla sjúkratrygginga fyrir hverja lyfjaáviðun miðast mest við 100 daga notkun í stað 30 daga eða ákveðins magns virks efnis áður. Þessi breyting mun auka kostnað sjúkratrygginga um 30–60 milljónir kr.

Börn. Lyfjakostnaður barna yngri en 18 ára var lækkaður þannig að þau greiða sama gjald og elli- og örorkulífeyrisþegar. Við þessa breytingu ætti að draga úr eftirspurn eftir umönnunarmati, en algengt er að umsókn um umönnunarkort hafi verið leið til að lækka lyfjakostnað barna. Áætlað er að kostnaður sjúkratrygginga vegna þessarar aðgerðar muni hækka um 80 milljónir kr.

Atvinnulausir. Einstaklingar sem eru á fullum atvinnuleysisbótum greiða sama gjald og elli- og örorkulífeyrisþegar og mun lyfjakostnaður þeirra lækka með sama hætti og lyfjakostnaður barna.

Heimild: Heilbrigðisráðuneyti, nóvember 2009.